

Skilmálar

1. ALMENNT

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um Arion fríðindi, vildarkerfi Arion banka hf. (hér eftir „**Arion banki**“ eða „**bankinn**“).
- 1.2 Arion fríðindi er vildarkerfi sem Arion banki býður viðskiptavinum sínum aðild að í þeim tilgangi að veita viðskiptavinum fríðindi, afslætti, endurgreiðslur eða önnur sérkjör. Aðild viðskiptavina að vildarkerfinu er valkvæð.
- 1.3 Arion fríðindum er skipt upp í tilgreind stig, en ólík skilyrði gilda hvað varðar inngöngu í þau og mismunandi sérkjör gilda í hverju stigi. Í skilmálum þessum er vísað til Arion fríðinda í heild sem „**vildarkerfis**“ og „**stiga**“ þegar kemur að einstökum hlutum þess.
- 1.4 Tilgreind stig innan vildarkerfis bankans tengjast þjónustum og/eða sérkjörum hjá dótturfélögum bankans eða öðrum samstarfsaðilum.
- 1.5 Forsenda þess að viðskiptavinur geti verið aðili að vildarkerfi bankans er samþykki á skilmálum þessum. Með samþykki viðskiptavinar á skilmálunum kemst á samningur milli viðskiptavinar og bankans.
- 1.6 Auk skilmála þessara gilda almennir viðskiptaskilmálar Arion banka um vildarkerfi bankans, en þá má nálgast á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is. Krefjist tiltekin stig notkunar einnar eða fleiri vöru eða þjónustu Arion banka, eða dótturfélaga bankans, gilda skilmála viðkomandi vöru og/eða þjónustu einnig um þá notkun samhliða skilmálum þessum. Sé ósamræmi milli skilmála vildarkerfis Arion banka og almennra viðskiptaskilmála Arion banka, um atriði sem varða vildarkerfið, ganga skilmálar vildarkerfisins framár.
- 1.7 Tilkynningar sem bankinn sendir samkvæmt skilmálum þessum eru gerðar í samræmi við ákvæði almennra viðskiptaskilmála sem fjalla um tilkynningar til viðskiptavina.

2. AÐILD AÐ VILDARKERFI BANKANS

- 2.1 Aðild að vildarkerfi Arion banka er eingöngu í boði fyrir einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann. Lögaðilar geta þannig ekki átt aðild að vildarkerfi bankans.
- 2.2 Viðskiptavinir verða að hafa náð 18 ára aldri til þess að geta sótt um aðild að vildarkerfi bankans.
- 2.3 Aðild að vildarkerfi bankans er ávallt háð samþykki bankans og er forsenda að viðskiptavinur uppfylli gerð skilyrði fyrir þátttöku í kerfinu, sbr. gr. 3 í skilmálum þessum. Þá er það jafnframt skilyrði fyrir þátttöku í kerfinu að viðskiptavinur hafi lokið fullnægjandi áreiðanleikakönnun að mati bankans, viðskiptavinur sé ekki í vanskilum við bankann og að bankinn hafi ekki afskrifað eða fellt niður kröfur á viðkomandi.
- 2.4 Á vefsíðu bankans má finna nánari upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru til inngöngu í vildarkerfi bankans og inngöngu í mismunandi stig kerfisins.

3. MISMUNANDI STIG VILDARKERFISINS

- 3.1 Skilyrði fyrir inngöngu í mismunandi stig vildarkerfisins lúta að skilgreindri þjónustu sem viðskiptavinur þarf að vera með hjá bankanum og/eða dótturfélögum og samstarfsaðilum bankans. Upplýsingar um þessi skilyrði má nálgast á vefsíðu bankans. Eftir því sem viðskiptavinur er með fleiri af hinum skilgreindum þjónustubáttum þeim mun hærra í stigum kerfisins kemst viðskiptavinur.
- 3.2 Sérkjör þau sem bjóðast viðskiptavinum í vildarkerfi bankans eru mismunandi eftir stigum. Því hærra sem viðskiptavinur kemst í stigum innan vildarkerfisins, því betri sérkjör bjóðast viðskiptavini.
- 3.3 Þegar viðskiptavinur sækir um aðild að vildarkerfi bankans er framkvæmt mat á því í hvaða stig viðskiptavinur fellur og sé umsókn viðskiptavinar samþykkt, er viðskiptavinur færður í það stig sem viðskiptavinur fellur í. Upplýsingar um stig hvers viðskiptavinar eru í smáforriti Arion banka („**appinu**“).
- 3.4 Bæti viðskiptavinur við sig frekari þjónustubáttum og uppfylli hann þar með inngönguskilyrði fyrir næsta stig í vildarkerfinu færir bankinn viðskiptavin upp um stig, án þess að viðskiptavinur þurfi að grípa til aðgerða.
- 3.5 Fækki þjónustubáttum og uppfylli viðskiptavinur þar með ekki lengur skilyrði fyrir þátttöku í vildarkerfinu eða í tilgreindu stigi sendir bankinn viðskiptavini tilkynningu þar um og veitir viðskiptavin 60 daga til að grípa til ráðstafana. Sé ekki gripið til fullnægjandi ráðstafana á þeim tíma færir bankinn viðskiptavin í viðeigandi stig í vildarkerfinu eða tilkynnir viðskiptavini að hann uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir þátttöku í kerfinu.
- 3.6 Mat á því í hvaða stigi viðskiptavinur fellur byggir á sjálfvirkri ákvarðanatöku. Viðskiptavinur getur þó ávallt óskað eftir endurmati starfsfólks bankans með tölvupósti á almennt netfang bankans, arionbanki@arionbanki.is.

4. SÉRKJÖR

- 4.1 Upplýsingar um sérkjör þau sem bjóðast í mismunandi stigum vildarkerfisins má nálgast á vefsíðu bankans.
- 4.2 Í tilgreindum stigum vildarkerfisins eiga viðskiptavinir rétt á að fá endurgreitt tilgreint hlutfall af heildarþjárhæð greiddra iðgjalda sem viðskiptavinur hefur sannarlega greitt fyrir váttryggingar hjá Verði tryggingum hf. („**Vörður**“) á undangengnu váttryggingartímabili. Þó mynda greidd iðgjöld váttrygginga sem tengjast atvinnustarfsemi ekki iðgjaldastofn sem endurgreiðsla reiknast af. Hið tilgreinda hlutfall kann að vera breytilegt eftir stigum vildarkerfisins. Skilyrði endurgreiðslu hlutfalls greiddra iðgjalda er að viðskiptavinur hafi verið tjónlaus á umræddu váttryggingartímabili og váttryggingin Heimilisvernd hafi verið endurnýjuð.

Skilmálar

- 4.3. Viðskiptavinur telst tjónlaus ef ekki hefur verið greitt úr neinni þeirri tryggingu sem saman mynda heildar iðgjaldastofn endurgreiðslunnar. Viðskiptavinur telst jafnframt tjónlaus þó greitt hafi verið vegna tjóns úr persónuþryggingum Varðar (t.d. líf- eða sjúkdómatryggingum), tekist hefur að gera við tjónaða bílrúðu ökutækis sem tryggð er með bílrúðuþryggingu ökutækjatrýggingar Varðar, greitt hefur verið úr atvinnuþryggingum hvers konar (t.d. starfsábyrgðartryggingu) hjá Verði eða úr bótaþætti váttryggingarinnar Golfvernd, Hóla í höggi.
- 4.4. Váttryggingartímabil í skilningi þessa kafla ræðst af váttryggingartímabili váttryggingarinnar Heimilisverndar hjá Verði. Greidd iðgjöld váttrygginga hjá Verði sem falla til innan váttryggingartímabilsins mynda saman heildar iðgjaldastofn sem Arion banki endurgreiðir tilgreint hlutfall af í samræmi við ákvæði skilmála þessa. Endurgreiðsla á tilgreindu hlutfalli greiddra iðgjalda á sér stað 5. dags mánaðar, einum mánuði eftir endurnýjunardagsetningu váttryggingarinnar Heimilisverndar, enda hafi váttryggingin verið endurnýjuð. Sé 5. dagur mánaðar almennur frí- eða helgidagur, greiðist hið tilgreinda hlutfall iðgjaldsins næsta virka dag á eftir.
- 4.5. Í tilgreindum stigum vildarkerfisins eiga viðskiptavinir rétt á að fá endurgreitt tilgreint hlutfall af árgjöldum kreditkorta. Skilyrði endurgreiðslu tilgreinds hlutfalls árgjalds kreditkortsins er að kreditkort viðskiptavinarins hafi verið endurnýjað. Hlutfallið er endurgreitt einum mánuði eftir greiðslu árgjalds kreditkortsins. Endurgreiðsla á sér stað 4. dags mánaðar. Sé 4. dagur mánaðar almennur frí- eða helgidagur, greiðist endurgreiðslan næsta virka dag á eftir.
- 4.6. Uppfylli viðskiptavinur skilyrði um endurgreiðslu tilgreinds hlutfalls iðgjalda váttrygginga og/eða tilgreinds hlutfalls árgjalds kreditkorts, greiðir Arion banki umrædda endurgreiðslu inn á tilgreindan reikning viðskiptavinar hjá Arion banka.
- 4.7. Viðskiptavinum bankans kunna að bjóðast tilboð og/eða afslættir á vörum og þjónustu bankans, dótturfélaga og eftir atvikum vörum eða þjónustu þriðja aðila. Þessi sérkjör kunna að vera ólík eftir stigum. Bankinn kann að senda viðskiptavinum upplýsingar um þá afslætti og þau tilboð sem viðskiptavinum standa til boða í yfirliti í appinu auk þess sem bankinn áskilur sér rétt til að senda viðskiptavinum upplýsingar um sérkjör þessi í tölvupósti, skilaboðum í appinu/netbanka og/eða í símtölum.

5. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 5.1. Arion banka er nauðsynlegt að vinna með tengiliða- og samskiptaupplýsingar viðskiptavina til að halda utan um þátttöku viðskiptavina í vildarkerfi bankans og til þess að hafa samband við viðskiptavini. Þá er bankanum nauðsynlegt að vinna með umsókn viðskiptavina um þátttöku í vildarkerfinu, upplýsingar sem staðfesta að viðskiptavinur uppfylli skilyrði fyrir aðild að kerfinu og viðskiptavinur uppfylli skilyrði fyrir aðild að einstaka stigum í kerfinu. Vinnsla þessi byggir á samningi bankans við viðskiptavini um þátttöku í vildarkerfi bankans. Sú sjálfvirka ákvarðanatata sem á sér stað í tengslum við ákvörðun um í hvaða stig vildarkerfisins viðskiptavinur fellur er jafnframt forsenda þess að bankinn geti efnt samning við viðskiptavin.
- 5.2. Þar sem skilyrði fyrir þátttöku í einstaka stigum í vildarkerfi bankans tengist þjónustum dótturfélaga og/eða samstarfsfélaga bankans er bankanum og viðkomandi félögum, þ.m.t. Verði og Stefni, nauðsynlegt að miðla tilgreindum persónuupplýsingum viðskiptavina á milli sín. Í tengslum við mat á því hvort viðskiptavinur uppfyllir skilyrði fyrir aðild að einstökum stigum miðlar bankinn þannig upplýsingum um nafn og kennitölu viðskiptavinar til viðkomandi dótturfélaga/samstarfsaðila, auk upplýsinga um að viðskiptavinur sé viðskiptavinur bankans og aðili að vildarkerfinu, og aflar upplýsinga frá viðkomandi félagi um það hvort viðkomandi viðskiptavinur sé með þá skilgreindu þjónustu hjá félaginu sem um ræðir.
- 5.3. Þær upplýsingar sem bankinn vinnur við mat á því hvort viðskiptavinur uppfyllir skilyrði fyrir aðild að einstaka stigum tengjast þjónustum þeim sem tilgreindar er á vefsíðu bankans í tengslum við hvert stig. Bankinn skoðar þannig t.a.m. hvort viðskiptavinur er með veltu á reikningi hjá bankanum, greiðslukort, inneign á sparnaðarreikningi og/eða reglulegan sparnað, vörslusafn, skuldabréfalán, netbanka, netdreifingu eða greiðsludreifingu með útgjaldadreifingu, lífeyrissparnað og/eða einkabankþjónustu. Þá kann bankinn að skoða eignarhlut í fyrirtækjum sem eru í viðskiptum hjá bankanum í tengslum við einstaka stig.
- 5.4. Eigi viðskiptavinur rétt á endurgreiðslu á iðgjöldum trygginga, sbr. gr. 4.2 í skilmálum þessum, miðlar Vörður upplýsingum til bankans um greidd iðgjöld og upplýsingum um hvort að tjón hafi verið bætt úr einhverri þeirri váttryggingu sem viðskiptavinur Arion banka er með í samræmi við skilmála þessa. Miðlun þessi á milli aðilanna er nauðsynleg á grundvelli samnings um aðild að vildarkerfi bankans og byggir miðlunin frá Verði á lögmætum hagsmunum. Miðlun bankans á upplýsingum viðskiptavinar til Varðar byggir auk þess á samþykki viðskiptavinar, sbr. gr. 6 í skilmálum þessum.
- 5.5. Á grundvelli lögmætra hagsmuna bankans kann bankinn að vinna með persónuupplýsingar umfram það sem þarf til að uppfylla og framfylgja skilmálum þessum s.s. vegna tölfraeðigreiningar sem bankinn getur eftir atvikum deilt með þriðja aðila eða gerð persónusniðs, nema hagsmunir viðskiptavinar vegi þyngra.
- 5.6. Á grundvelli lögmætra hagsmuna áskilur bankinn sér einnig rétt til að vinna með upplýsingar um búsetu, aldur, fríðindahóp, kyn viðskiptavinar og tegund debet- eða kreditkorts sem viðskiptavinur er með hjá bankanum í þeim tilgangi að geta sent viðskiptavini sérsniðin tilboð og fríðindi.
- 5.7. Á grundvelli samþykkis frá viðskiptavini áskilur bankinn sér einnig rétt til að vinna með færslu- og kortaupplýsingar viðskiptavinar í þeim tilgangi að geta sent honum sérsniðin tilboð. Veiti viðskiptavinur slíkt samþykki getur hann hvenær sem er afturkallað samþykkið í Arion appinu.

Vildarkerfi Arion banka – Arion fríðindi

Skilmálar

- 5.8 Um vinnslu bankans vísast að öðru leyti í persónuverndarstefnu bankans sem aðgengileg er á vefsíðu bankans. Þá vísast jafnframt í persónuverndarstefnur dótturfélaga bankans og samstarfsaðila, eftir því sem við á í tengslum við einstaka stig.

6. SAMÞYKKI FYRIR MIÐLUN

- 6.1 Með samþykki á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur að bankanum sé heimilt að miðla tilgreindum upplýsingum um viðskiptavin til dótturfélaga og/eða annarra samstarfsaðila, eftir því sem nánar er kveðið á um í tengslum við einstaka stig í vildarkerfinu, sbr. gr. 5 í skilmálum þessum. Á bankanum hvílir bankaleynd og er samþykki þetta því nauðsynlegt svo bankanum sé miðlunin heimil.
- 6.2 Viðskiptavinir geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt, sbr. gr. 6.1. Slík afturköllun getur þó haft þau áhrif að bankinn geti ekki veitt viðskiptavini aðild/áframhaldandi aðild að tilgreindu stigi eða vildarkerfi bankans. Afturköllun á samþykki skal send á netfangið arionbanki@arionbanki.is.

7. BREYTINGAR Á VILDARKERFI OG UPPSÖGN

- 7.1 Bankinn áskilur sér rétt til að breyta þjónustubáttum, stigum sem og fríðindum og sérkjörum vildarkerfisins hvenær sem er og/eða hætta með einstök stig eða vildarkerfið í heild og skulu slíkar breytingar taka gildi þegar þær hafa verið kynntar á vefsíðu bankans og verið tilkynntar viðskiptavinum sem eru aðilar að vildarkerfinu.
- 7.2 Við mat á því hvort viðskiptavinur uppfylli almenn skilyrði eða skilyrði viðkomandi stigs í vildarkerfinu horfir bankinn til tímabils sem nær allt að 12 mánuði aftur í tímann, nema annað sé tekið fram í tengslum við einstök stig á vefsíðu bankans.
- 7.3 Bankinn áskilur sér rétt til neita viðskiptavinum um áunnin réttindi í vildarkerfinu og segja upp vildarsambandinu, án fyrirvara með tilkynningu þar um, svo sem ef viðskiptavinur er í vanskilum með einhverja af skuldbindingum sínum við bankann eða viðskiptavinur uppfyllir ekki, að mati bankans, kröfur laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eins og þau eru á hverjum tíma, þ.m.t. að hafa veitt bankanum fullnægjandi svör við áreiðanleikakönnunum bankans.
- 7.4 Bankinn áskilur sér einhliða rétt til að breyta, bæta við eða fella á brott skilyrði fyrir inngöngu í mismunandi stig sem og þeim sérkjörum og fríðindum sem eiga við um hvert stig í vildarkerfinu. Komi til breytinga skal bankinn leitast við að kynna það með 30 daga fyrirvara á vefsíðu bankans. Viðskiptavinur heldur þeim fríðindum og sérkjörum sem hann hefur áunnið sér fram að breytingu að uppfylltum öðrum skilyrðum um vildarkerfið.
- 7.5 Ákveði bankinn að fella niður og hætta með einstök stig eða vildarkerfið í heild falla á brott áunnin réttindi vildarkerfisins sem viðskiptavinur hefur unnið sér fram að þeim tíma, hverju nafni sem þau nefnast, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 7.6 Viðskiptavini er hvenær sem er heimilt að segja sig úr vildarkerfinu. Skal tilkynningu þess efnis komið til bankans með tölvupósti á almennt netfang bankans, arionbanki@arionbanki.is. Uppsögn viðskiptavinar skal taka gildi þegar bankinn hefur staðfest móttöku hennar og úrlausn, eigi síðar en 15 dögum eftir að tilkynning berst bankanum. Við uppsögn viðskiptavinar falla brott öll áunnin réttindi.

8. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 8.1 Viðskiptavinur getur samþykkt skilmála þessa með undirritun sinni eða undirritun með fullgildum rafrænum undirritunarbúnaði. Þá getur viðskiptavinur samþykkt skilmála þessa með haki í gegnum app bankans eða netbanka, enda hafi viðskiptavinur skráð sig þar inn með öruggri auðkenningarleið.
- 8.2 Viðskiptavini er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur á grundvelli þessara skilmála.
- 8.3 Um skilmálana gilda íslensk lög og rísi ágreiningur á milli aðila skal bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.
- 8.4 Arion áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum hvenær sem er. Skulu uppfærðir skilmálar taka gildi þegar þeir hafa verið birtir á vefsíðu bankans og tilkynntir viðskiptavinum sem eru aðilar að vildarkerfinu þegar slíkir uppfærðir skilmálar taka gildi. Bankinn skal þó leitast við að tilkynna viðskiptavinum um breytta skilmála með 30 daga fyrirvara.

Skilmálar þessir voru settir þann 11.03.2025 og voru þeir síðast uppfærðir þann 11.03.2025.